

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 704/2009 um starfsemi jöfnunarkerfa.

1. gr.

6. gr. verður svohljóðandi:

Stjórn jöfnunarkerfis ákveður starfrækslutíma kerfisins í samráði við Seðlabanka Íslands. Uppgjör í jöfnunarkerfi á bankadögum skal eigi fara fram síðar en við lokun stórgreiðslukerfis Seðlabankans. Heimilt er að láta fara fram fleiri en eitt uppgjör á dag í jöfnunarkerfum að fengnu samþykki Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 38. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands og öðlast gildi 25. maí 2010.

Reykjavík, 30. mars 2010.

Seðlabanki Íslands,

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri.

Tryggvi Pálsson
framkvæmdastjóri.